

AUGLÝSING

um loftferðasamning við Niðurlönd/Holland vegna Sankti Martin.

Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og Konungsríkis Niðurlanda, að því er varðar Sankti Martin, sem gerður var í Brussel 30. mars 2022, öðlaðist gildi 1. júní 2023.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. maí 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM FLUGÞJÓNUSTU
MILLI
ÍSLANDS
OG
KONUNGRÍKIS NIÐURLANDA,
AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SANKTI MARTIN

Ísland

og

Konungsríki Niðurlanda, að því er varðar Sankti Martin (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“),

sem eru aðilar að samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

sem hafa hug á að styrkja gagnkvæm tengsl sín á milli á sviði almenningsflugs og gera samning í því skyni að koma á alþjóðlegri flugþjónustu milli yfirráðasvæða hvors um sig og áfram frá þeim,

sem hafa hug á að stuðla að alþjóðlegu fyrirkomulagi á flutningum í lofti sem byggist á samkeppni milli flugrekenda á markaðnum þar sem afskiptum og reglusetningu stjórnvalda er haldið í lágmarki,

sem hafa hug á að stuðla að fjölgun tækifæra í alþjóðlegri flugþjónustu,

sem hafa hug á að tryggja mesta mögulega öryggi og vernd í alþjóðlegri flugþjónustu og árétta þungar áhyggjur sínar af aðgerðum eða hótunum sem er beint gegn vernd loftfara og stofna öryggi fólks eða eigna í hættu, trufla rekstur flugþjónustu og grafa undan tiltrú almennings á öryggi í almenningsflugi,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum samningi hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir nema annað leiði af samhengi:

1. „flugmálayfirvöld“ merkir, í tilviki Íslands, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og, í tilviki Konungsríkis Niðurlanda, að því er varðar Sankti Martin, ráðuneyti ferðaþjónustu, efnahagsmála, umferðarmála og fjarskiptamála eða í báðum tilvikum hver sá aðili eða yfirvald sem hefur heimild til þess að inna af hendi þau störf sem fyrrnefnd yfirvöld eða arftaki þess hafa með höndum,
2. „samningur“ merkir þessi samningur, viðaukar við hann og hvers kyns breytingar þar á,
3. „Chicago-samningur“ merkir samningurinn um alþjóðlegt almenningsflug sem lagður var fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944 og felur í sér sérhverja breytingu sem hefur öðlast gildi á grundvelli a-liðar 94. gr. Chicago-samningsins og báðir samningsaðilar hafa fullgilt og sérhver viðauki eða breyting við hann sem hefur verið samþykktur eða samþykkt á grundvelli 90. gr. Chicago-samningsins, að svo miklu leyti sem slíkir viðaukar eða breytingar gilda gagnvart báðum samningsaðilum á hverjum tíma,
4. „tilnefndur flugrekandi“ merkir flugrekandi sem hefur verið tilnefndur og fengið leyfi í samræmi við 3. gr. (Tilnefning og veiting leyfis) þessa samnings,
5. „Evrópska efnahagssvæðið“ (EES) merkir þróað fríverslunarsvæði sem var komið á með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var gerður í Óportó 2. maí 1992, milli Evrópu-sambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), að Sviss undanskildu, hins vegar, sem Ísland á aðild að,
6. „heildarkostnaður“ merkir kostnaður við að veita þjónustu, að viðbættu sanngjörnu gjaldi til að mæta stjórnunarkostnaði,
7. „alþjóðleg flugþjónusta“ merkir flugþjónusta um lofttrými yfir yfirráðasvæði fleiri en eins ríkis,

8. „verð“ merkir fargjald, verð eða gjald innan flugþjónustu fyrir flutning farþega (og farangurs þeirra) og/eða farms (að frátöldum pósti) sem flugrekendur taka, þ.m.t. umboðsaðilar þeirra, og þau skilyrði sem stýra framboði á slíku fargjaldi, verði eða gjaldi,
9. „viðkoma án viðskipta“, „flugrekandi“, „flugþjónusta“ og „yfirráðasvæði“ hafa þá merkingu sem er tilgreind í 2. gr. og 96. gr. Chicago-samningsins,
10. „notendagjöld“ merkir gjald eða gjöld, sem er lagt eða eru lögð á flugrekendur fyrir aðgang að aðstöðu eða þjónustu á flugvöllum eða vegna flugleiðsögu og flugverndar, þ.m.t. tengd þjónusta og aðstaða, og
11. „ríkisborgari“ merkir, í tilviki Íslands, ríkisborgari Íslands eða ríkisborgari ríkis sem á aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og, í tilviki Konungsríkis Niðurlanda, að því er varðar Sankti Martin, ríkisborgarar Konungsríkis Niðurlanda sem eru formlega skráðir sem staðbundnir borgarar sem hafa hollenskt ríkisfang í sveitarfélagsskrá Sankti Martin.

2. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor samningsaðili um sig veitir tilnefndum flugrekendum hins samningsaðilans eftirtalin réttindi til að stunda alþjóðlega flugþjónustu:
 - a) réttindi til að fljúga yfir yfirráðasvæði hans án þess að lenda,
 - b) réttindi til að hafa viðkomu á yfirráðasvæði hans án viðskipta og
 - c) réttindi sem eru tilgreind með öðrum hætti í þessum samningi.
2. Ekkert í 1. mgr. þessarar greinar skal teljast veita tilnefndum flugrekanda eða flugrekendum samningsaðila rétt til að taka um borð á yfirráðasvæði hins samningsaðilans farþega, farangur þeirra, farm eða póst gegn þóknun eða gjaldi til annars staðar á yfirráðasvæði fyrrnefnds hins samningsaðila.

3. gr.

Tilnefning og veiting leyfis.

1. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt til að tilnefna, skriflega með diplómatískum orðsendingum til hins samningsaðilans, flugrekanda eða flugrekendur til þess að starfrækja samþykktu þjónustu, í samræmi við þennan samning, á hverri þeirra leiða sem eru tilgreindar í I. viðauka við þennan samning og til að draga slíkar tilnefningar til baka eða breyta þeim.
2. Flugmálayfirvöld hins samningsaðilans skulu, þegar þau veita slíkri tilnefningu viðtöku og umsóknum frá viðkomandi flugrekanda í þeirri mynd og með þeim hætti sem mælt er fyrir um vegna rekstrarleyfa og tæknileyfa, veita viðeigandi leyfi og heimildir með eins skjótum hætti og málsmeðferð leyfir, að því tilskildu:
 - a) í tilviki flugrekanda sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. að flugrekandinn hafi staðfestu á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og að flugrekandinn hafi gilt rekstrarleyfi í samræmi við landslög sem eru sett í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og
 - ii. að virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum sé framkvæmt og því viðhaldið af hálfu aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins sem annast útgáfu flugrekandaskírteinis hans og að viðkomandi flugmálayfirvald sé tilgreint með skýrum hætti í tilnefningunni og
 - iii. að flugrekandinn sé í eigu og verði áfram í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og/eða ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og lúti ætíð virkum yfirráðum fyrrnefndra ríkja og/eða ríkisborgara,
 - b) í tilviki flugrekanda sem Sankti Martin hefur tilnefnt:
 - i. að flugrekandinn hafi staðfestu á yfirráðasvæði Sankti Martin og að hann hafi gilt rekstrarleyfi í samræmi við viðeigandi lög og reglur Sankti Martin og
 - ii. að virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum sé framkvæmt og því viðhaldið af hálfu Sankti Martin og að viðkomandi flugmálayfirvald Sankti Martin sé tilgreint með skýrum hætti í tilnefningunni og

- iii. að flugrekandinn sé í eigu og verði áfram í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, Sankti Martin og/eða ríkisborgara Sankti Martin og lúti ætíð virkum yferráðum Sankti Martin og/eða ríkisborgara þess,
 - c) að tilnefndur flugrekandi sé hæfur til að uppfylla þau skilyrði sem lög og reglur mæla fyrir um og samningsaðilinn, sem fjallar um umsóknina eða umsóknirnar, beitir að jafnaði viðvíkjandi rekstri alþjóðlegrar flugþjónustu og
 - d) að tilnefndi flugrekandinn viðhaldi og beiti þeim ákvæðum sem sett eru fram í 7. gr. (Flugöryggi) og 8. gr. (Flugvernd) þessa samnings.
3. Þegar flugrekandi hefur verið tilnefndur og fengið leyfi með þessum hætti er honum heimilt að hefja rekstur samþykkrar þjónustu á leiðum sem eru tilgreindar í I. viðauka við þennan samning, að því tilskildu að hann uppfylli öll viðeigandi ákvæði þessa samnings.

4. gr.

Afturköllun leyfis.

1. Samningsaðila er heimilt að halda eftir, afturkalla, fella niður tímabundið, takmarka eða ákvarða skilyrði fyrir rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugrekanda sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt þegar:
- a) í tilviki flugrekanda sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. flugrekandinn hefur ekki staðfestu á íslensku yferráðasvæði í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða hefur ekki gilt rekstrarleyfi í samræmi við landslög sem eru sett í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða
 - ii. virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum er ekki framkvæmt eða því ekki viðhaldið af hálfu aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins sem annast útgáfu flugrekandaskírteinis hans eða viðkomandi flugmálayfirvald er ekki tilgreint með skýrum hætti í tilnefningunni eða
 - iii. flugrekandinn er ekki í eigu eða verður ekki áfram í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, aðildarríkja að Evrópska efnahagssvæðinu og/eða ríkisborgara aðildarríkja að Evrópska efnahagssvæðinu eða lúta ekki ætíð virkum yferráðum fyrrnefndra ríkja og/eða ríkisborgara,
 - b) í tilviki flugrekanda sem Sankti Martin hefur tilnefnt:
 - i. flugrekandinn hefur ekki staðfestu á yferráðasvæði Sankti Martin eða hann hefur ekki gilt rekstrarleyfi í samræmi við viðeigandi lög og reglur Sankti Martin eða
 - ii. virkt opinbert eftirlit með flugrekandanum er ekki framkvæmt eða því viðhaldið af hálfu Sankti Martin og að viðkomandi flugmálayfirvöld Sankti Martin eru ekki tilgreind með skýrum hætti í tilnefningunni eða
 - iii. flugrekandinn er ekki í eigu eða verður ekki áfram í eigu, með beinum hætti eða í meirihlutaeigu, Sankti Martin og/eða ríkisborgara Sankti Martin eða lúta ekki ætíð virkum yferráðum Sankti Martin og/eða ríkisborgara þess,
 - c) tilnefndur flugrekandi er ekki hæfur til að uppfylla þau skilyrði sem lög og reglur mæla fyrir um og samningsaðilinn, sem fjallar um umsóknina eða umsóknirnar, beitir að jafnaði viðvíkjandi rekstri alþjóðlegrar flugþjónustu eða
 - d) tilnefndur flugrekandi viðheldur ekki og beitir ekki þeim ákvæðum sem sett eru fram í 7. gr. (Flugöryggi) og 8. gr. (Flugvernd) þessa samnings.
2. Ef tafarlaus afturköllun eða tímabundin niðurfelling rekstrarleyfis eða tæknileyfis, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða ákvörðun þeirra skilyrða, sem um getur þar, er ekki frumskilyrði þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum og reglum skal aðeins nýta slíkan rétt að undan-gengnu samráði við hinn samningsaðilann.
3. Þessi grein takmarkar ekki rétt samningsaðila til þess að halda eftir, afturkalla, fella niður tíma-bundið, takmarka eða ákvarða skilyrði fyrir rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugrekanda eða flug-rekenda hins samningsaðilans í samræmi við ákvæði 7. gr. (Flugöryggi) og 8. gr. (Flugvernd) þessa samnings.

5. gr.

Beiting laga.

1. Þegar komið er inn á yfirráðasvæði samningsaðila, staðnæmst innan þess eða farið þaðan skulu flugrekendur hins samningsaðilans fara að lögum og reglum fyrrnefnda samningsaðilans um rekstur og flugleiðsögu loftfara.
2. Þegar komið er inn á yfirráðasvæði samningsaðila, staðnæmst innan þess eða farið þaðan skulu farþegar, áhöfn eða farmur flugrekenda hins samningsaðilans, eða aðrir fyrir þeirra hönd, fylgja lögum og reglum fyrrnefnda samningsaðilans um komu eða brottför farþega, áhafna eða farms um borð í loftfari, m.a. reglum um komu, flugheimildir, flugvernd, aðflutning fólks, vegabréf, tollefirtlit og sóttvarnaráðstafanir eða, ef um póst er að ræða, reglum um póst.
3. Hvorugur samningsaðilanna skal veita eigin flugrekanda eða öðrum flugrekanda forgang á kostnað tilnefnds flugrekanda hins samningsaðilans, sem stundar hliðstæða alþjóðlega flugþjónustu, þegar hann beitir reglum sínum um aðflutning fólks, tollefirtlit og sóttvarnaráðstafanir og svipuðum reglum.

6. gr.

Viðurkenning vottorða og skírteina.

1. Hvor samningsaðili um sig skal viðurkenna lofthæfisvottorð, hæfisskírteini og leyfi, sem samningsaðili, sem ber ábyrgð á opinberu eftirliti með tilnefndum flugrekanda, gefur út eða staðfestir sem gild og eru enn í gildi, til þess að unnt sé að stunda samþykktu þjónustu sem kveðið er á um í þessum samningi, að því tilskildu að þær kröfur, sem eiga við um útgáfu eða staðfestingu á gildi fyrrnefndra vottorða, skírteina eða leyfa, jafngildi eða gangi lengra en þær lágmarkskröfur sem kunna að verða settar samkvæmt Chicago-samningnum.
2. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér þó rétt til að neita að viðurkenna, vegna flugs yfir hans eigið yfirráðasvæði eða landinga innan þess, hæfisskírteini og leyfi sem hinn samningsaðilinn veitir eigin ríkisborgurum eða staðfestir sem gild fyrir þá.

7. gr.

Flugöryggi.

1. Hvor samningsaðili um sig getur hvenær sem er farið fram á samráð um öryggisviðmiðanir sem varða flugrekstraráðstöðu, áhafnir, loftför og starfrækslu þeirra sem hinn samningsaðilinn viðheldur.
2. Ef annar samningsaðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkt samráð, að hinn samningsaðilinn fylgi ekki og beiti öryggisviðmiðunum með skilvirkum hætti á þeim sviðum, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem uppfylla þau viðmið sem komið er á samkvæmt Chicago-samningnum, skal hinum samningsaðilanum tilkynnt um þá niðurstöðu og til hvaða ráðstafana nauðsynlegt er talið að grípa til að uppfylla megi öryggisviðmiðanirnar. Hinn samningsaðilinn skal þá gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar innan umsaminna tímamarka.
3. Samkvæmt 16. gr. Chicago-samningsins er enn fremur samþykkt að viðurkenndir fulltrúar hins samningsaðilans megi framkvæma skoðun á hverju því loftfari, sem flugrekandi samningsaðila starfrækir eða er starfrækt á hans vegum og er í förum til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, meðan það er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, að því tilskildu að skoðunin valdi ekki óeðlilegum töfum að því er starfrækslu loftfarsins varðar. Með fyrirvara um þær skuldbindingar sem um getur í 33. gr. Chicago-samningsins er skoðun þessi framkvæmd í því skyni að kanna bæði gildi skjala sem fylgja loftfarinu og skírteina áhafnar og að tækjabúnaður og ástand loftfarsins uppfylli gildandi viðmiðanir samkvæmt Chicago-samningnum.
4. Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að halda eftir, afturkalla, fella tímabundið niður, takmarka eða ákvarða skilyrði fyrir rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugrekanda eða flugrekenda hins samningsaðilans án tafar þegar nauðsynlegt er að grípa til brýnna aðgerða í því skyni að tryggja öryggi í flugrekstri.
5. Aðgerð, sem annar samningsaðilinn grípur til í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, skal hætt um leið og forsendur fyrir henni eru ekki lengur til staðar.

6. Liggi fyrir ákvörðun, með vísan til 2. mgr. þessarar greinar, þess efnis að samningsaðili uppfylli ekki öryggisviðmiðanir að umsömdum tíma liðnum ætti að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um það. Þá ber einnig að tilkynna honum um eftirfarandi viðunandi lausn málsins.
7. Ef opinbert eftirlit með flugrekanda, sem samningsaðili hefur tilnefnt, er framkvæmt og því viðhaldið af þriðja ríki skulu réttindi hins samningsaðilans samkvæmt þessari grein gilda jafnt að því er varðar samþykkt, beitingu eða viðhald öryggisviðmiðana af hálfu fyrrnefnds þriðja ríkis og að því er varðar flugrekstrarleyfi fyrrnefnds flugrekanda.

8. gr.

Flugvernd.

1. Samningsaðilarnir áréttu, í samræmi við réttindi sín og skyldur samkvæmt alþjóðalögum, að gagnkvæm skylda þeirra til að vernda almenningsflug gegn ólögmætu athæfi sé órjúfanlegur hluti þessa samnings. Samningsaðilarnir skulu einkum, án þess að takmarka almenn réttindi sín og skyldur samkvæmt alþjóðalögum, bregðast við í samræmi við ákvæði samningsins um lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem var gerður í Tókýó 14. september 1963, ákvæði samningsins um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem var gerður í Haag 16. desember 1970, ákvæði samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem var gerður í Montreal 23. september 1971, ákvæði viðbótarbókunarinnar við hann til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem var gerð í Montreal 24. febrúar 1988, og ákvæði samningsins um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau, sem var gerður í Montreal 1. mars 1991, og í samræmi við aðra samninga og bókanir um flugvernd sem báðir samningsaðilar eru aðilar að.
2. Samningsaðilarnir skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólögmætar aðgerðir sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar og sérhverja aðra ógn við flugvernd í almenningsflugi.
3. Samningsaðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sínum, haga athöfnum sínum í samræmi við flugverndarkröfur og viðeigandi starfsvenjur sem mælt er með sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur innleitt og eru tilgreindar sem viðaukar við Chicago-samninginn. Samningsaðilarnir skulu gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara, sem eru á skrá hjá þeim, rekstraraðilar loftfara, sem hafa aðalstarfsstöð sína eða fast aðsetur á yfirráðasvæði þeirra, og rekstraraðilar flugvalla á yfirráðasvæði þeirra hagi athöfnum sínum í samræmi við slík flugverndarákvæði.
4. Hvor samningsaðilinn um sig skal upplýsa hinn samningsaðilann um hvers kyns mun á innlendum reglum og venjum sínum og flugverndarviðmiðunum í viðaukunum við Chicago-samninginn. Samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á tafarlaust samráð við hinn samningsaðilann til þess að ræða slíkan mun.
5. Hvor samningsaðili um sig samþykkir að heimilt sé að gera þá kröfu til slíkra rekstraraðila loftfara að þeir virði þau flugverndarákvæði sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eins og hinn samningsaðilinn ætlast til vegna komu inn á yfirráðasvæði hans, brottför þaðan eða veru þar. Hvor samningsaðili um sig skal sjá til þess að fullnægjandi ráðstöfunum sé beitt með skilvirkum hætti á yfirráðasvæði hans til að vernda loftför og skoða gaumgæfilega farþega, áhafnir og farangur þeirra og handfarangur, sem og farm og aðföng loftfars, áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor samningsaðili um sig skal einnig taka til vinsamlegrar athugunar beiðnir hins samningsaðilans um sérstakar verndarráðstafanir til þess að mæta tiltekinni ógn.
6. Þegar hætta er á ólöglegri töku almenningsloftfara eða öðrum ólögmætum aðgerðum sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra, áhafna, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu samningsaðilarnir aðstoða hvor annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættu á slíkum atburðum á skjótan og öruggan hátt.
7. Hvor samningsaðili um sig skal hafa rétt, innan sextíu (60) daga frá tilkynningu eða styttri tíma sem flugmálayfirvöldin kunna að koma sér saman um, til að láta flugmálayfirvöld sín framkvæma mat á yfirráðasvæði hins samningsaðilans á öryggisráðstöfunum sem gerðar eru eða til stendur að

gera af hálfu flugrekenda með tilliti til flugs sem kemur frá eða fer til yfirráðasvæðis fyrrnefnda samningsaðilans. Flugmálayfirvöld skulu koma sér saman um stjórnsýslufyrirkomulag vegna framkvæmdar slíks mats og koma því til framkvæmda án tafar til þess að tryggja að mat fari fram eins fljótt og auðið er.

8. Hafi samningsaðili gildar ástæður til að ætla að hinn samningsaðilinn hafi vikið frá ákvæðum þessarar greinar um flugvernd geta flugmálayfirvöld fyrrnefnda samningsaðilans óskað eftir því að fram fari samráð við flugmálayfirvöld hins samningsaðilans þegar í stað. Hefja skal slíkt samráð innan fimmtán (15) daga frá móttöku beiðni um það frá öðrum hvorum samningsaðil-anum. Ef ekki næst viðunandi samkomulag innan fimmtán (15) daga frá því að slík beiðni er sett fram skal það teljast næg ástæða til að halda eftir, afturkalla, fella tímabundið niður, takmarka eða setja skilyrði fyrir rekstrarleyfum og tæknileyfum flugrekenda eða flugrekenda sem hinn samningsaðilinn tilnefnir. Þegar slíkt má réttlæta á grundvelli neyðarástands eða til að koma í veg fyrir að ekki sé farið að ákvæðum þessarar greinar í frekari mæli getur samningsaðili gripið til bráðabirgðaaðgerðar áður en fimmtán (15) dagar eru liðnir.

9. gr.

Svigrúm til viðskipta.

1. Tilnefndir flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu hafa rétt til að opna skrifstofur á yfirráðasvæði hins samningsaðilans til að kynna og selja flugþjónustu.
2. Tilnefndir flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu hafa rétt, í samræmi við lög og reglur hins samningsaðilans um komu, búsetu og atvinnu, til þess að flytja inn og hafa á yfirráðasvæði hins samningsaðilans starfsmenn sem vinna við stjórnun, sölu, tæknipjónustu og rekstur og aðra sérhæfða starfsmenn sem eru nauðsynlegir vegna reksturs samþykkrar þjónustu.
3. Tilnefndir flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu hafa rétt til þess að sjá um rekstur eigin flugafgreiðslu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans („eigin afgreiðsla“) eða, að eigin vali, að velja úr hópi þeirra sem keppa um að annast þá þjónustu að hluta til eða að öllu leyti. Þessi réttindi skulu einungis háð efnislegum takmörkunum sem rekja má til sjónarmiða varðandi öryggi á flugvöllum. Ef slík sjónarmið útiloka eigin afgreiðslu skulu allir flugrekendur hafa aðgang að þjónustu á jörðu niðri á jafnréttisgrundvelli, gjöld skulu miðuð við kostnað vegna veittrar þjónustu og slík þjónusta skal vera sambærileg eigin afgreiðslu hvað eðli hennar og gæði áhrærir.
4. Tilgreindum flugrekendum hvors samningsaðila um sig er heimilt að selja flugþjónustu milliliðalaust á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og, að eigin ákvörðun viðkomandi flugrekenda, fyrir milligöngu umboðsmanna sinna nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum um leiguflug í upprunalandi leiguflugsins sem varða vernd fjármagns farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt farþega sem um getur í 2. þætti II. viðauka við þennan samning. Sérhver flugrekandi skal hafa rétt til að selja slíka flutninga og hverjum sem er skal frjálst að kaupa slíka flutninga gegn gjaldmiðli fyrrnefnds lands eða auðskiptanlegum gjaldmiðlum.
5. Tilgreindir flugrekendur hvors samningsaðila um sig skulu hafa, þegar þess er krafist, rétt til að skipta tekjum, sem aflað er og eru umfram útgjöld á staðnum, í annan gjaldmiðil og yfirfæra til heimalands síns. Heimila skal þegar í stað gjaldeyris skipti og yfirfærslu, án takmarkana eða skattlagningar þeirra vegna, á því gengi sem gildir um yfirstandandi viðskipti og yfirfærslu þann dag þegar viðkomandi flutningafyrirtæki sækir fyrst um yfirfærsluna.
6. Tilnefndum flugrekendum hvors samningsaðila um sig skal heimilt að greiða staðbundinn kostnað, m.a. vegna eldsneytiskaupa, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans í þarlendum gjaldmiðli. Tilnefndum flugrekendum hvors samningsaðila um sig er heimilt, að eigin ákvörðun, að greiða slíkan kostnað á yfirráðasvæði hins samningsaðilans í auðskiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt þarlendum reglum um gjaldeyri.
7. Tilnefndur flugrekandi samningsaðila, sem rekur eða stundar samþykktu þjónustu á tilgreindum leiðum, getur hafið markaðssamstarf á borð við föst sætakaup, sameiginlegt flugnúmer eða leigu í samvinnu við:
 - a) flugrekanda eða flugrekendur annars hvors samningsaðilanna og
 - b) flugrekanda eða flugrekendur þriðja lands,

að því tilskildu að slíkt þriðja land heimili eða leyfi sambærilegt fyrirkomulag milli flugrekenda hins samningsaðilans og annarra flugrekenda sem veita þjónustu til, frá og um slíkt þriðja land, að því tilskildu að allir flugrekendur sem eiga aðild að slíku fyrirkomulagi:

- 1) hafi viðeigandi leyfi og
- 2) uppfylli þær kröfur sem gilda venjulega um slíkt fyrirkomulag.

10. gr.

Tollar og gjöld.

1. Hvor samningsaðili um sig skal, með gagnkvæmum hætti og að því marki sem landslög hans heimila, undanþiggja tilnefndan flugrekanda hins samningsaðilans tollum, vörugjöldum, skoðunargjöldum og öðrum innlendum tollum og gjöldum, sem lögð eru á loftför, eldsneyti, smurolíur, einnota tæknibirgðir, varahluti, þ.m.t. hreyfla, venjulegan búnað loftfars, aðföng loftfars (þ.m.t. en þó ekki eingöngu matur, drykkir og áfengi, tóbak og aðrar vörur til sölu eða sem nota á einvörðungu í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við það) og aðra hluti, t.d. birgðir prentaðra farseðla, farmbréf, prentað efni, sem ber áprentað merki viðkomandi félags, og venjulegt kynningarefni, sem tilnefndur flugrekandi dreifir án endurgjalds, sem nota á eða einungis eru notuð í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við loftfar tilnefnds flugrekanda fyrrnefnds hins samningsaðila sem rekur samþykktu þjónustu.
2. Undanþágurnar, sem eru veittar samkvæmt þessari grein, gilda um þá hluti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar:
 - a) sem tilnefndur flugrekandi hins samningsaðilans kemur með, eða komið er með fyrir hans hönd, inn á yfirráðasvæði samningsaðilans,
 - b) sem geymdir eru um borð í loftfari tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans þegar það kemur inn á eða fer frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans eða
 - c) sem fluttir eru um borð í loftfar tilnefnds flugrekanda annars samningsaðilans á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og ætlaðir eru til notkunar í rekstri samþykktu þjónustunnar,hvort sem slíkir hlutir eru notaðir eða þeirra neytt í heild sinni eða ekki innan yfirráðasvæðis samningsaðilans, sem veitir undanþáguna, að því tilskildu að slíkir hlutir skipti ekki um eigendur á yfirráðasvæði fyrrnefnds samningsaðila.
3. Aðeins er heimilt að afferma venjulegan búnað loftfars, ásamt þeim hlutum og þeim birgðum sem venjulega eru um borð í loftfari tilnefnds flugrekanda annars hvors samningsaðilanna, á yfirráðasvæði hins samningsaðilans með samþykki tollyfirvalda á því yfirráðasvæði. Í því tilviki má færa þau undir eftirlit fyrrnefndra yfirvalda þar til þau eru flutt úr landi á ný eða þeim ráðstafað með öðrum hætti í samræmi við tollareglur.
4. Þær undanþágur sem kveðið er á um í þessari grein gilda einnig þegar tilnefndur flugrekandi annars samningsaðilans hefur gert samkomulag við aðra flugrekendur um lán eða flutning um yfirráðasvæði hins samningsaðilans á þeim hlutum sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, enda njóti aðrir flugrekendur slíkra undanþága frá hinum samningsaðilanum með svipuðum hætti.
5. Ekkert í þessum samningi skal koma í veg fyrir að samningsaðili leggi á, án mismununar, skatta, álögur, tolla, greiðslur eða gjöld á eldsneyti sem er afhent á yfirráðasvæði hans til nota í loftfari tilnefnds flugrekanda hins samningsaðilans sem stundar flugrekstur milli staðar eða staða á yfirráðasvæði fyrstnefnda samningsaðilans og annars staðar á yfirráðasvæði þess samningsaðila eða staðar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis Evrópusambandsins eða aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis Fríverslunarsamtaka Evrópu.

11. gr.

Notendagjöld.

1. Notendagjöld, sem lögbærum yfirvöldum eða stofnunum hvors samningsaðila um sig á sviði gjaldtöku er heimilt að leggja á flugrekendur hins samningsaðilans, skulu vera réttlát, sanngjörn, ekki mismuna á óréttmætan hátt og þeim skal skipt jafnt á milli notendaflokka. Slík notendagjöld skulu ávallt lögð á flugrekendur hins samningsaðilans með skilmálum sem ekki eru óhagstæðari en hagstæðustu skilmálar sem bjóðast öðrum flugrekendum á þeim tíma sem gjöldin eru lögð á.

2. Notendagjöld, sem lögð eru á flugrekendur hins samningsaðilans, mega endurspegla en skulu ekki fara yfir þann heildarkostnað sem lögbær yfirvöld eða stofnanir á sviði gjaldtöku hafa af því að láta í té viðeigandi aðstöðu og þjónustu á flugvöllum, vegna umhverfisverndar flugvalla, flugleiðsögu og flugverndar á viðkomandi flugvelli eða innan viðkomandi flugvallarkerfis. Í heildarkostnaði af þessu tagi getur falist réttmætur arður af eignum eftir afskriftir. Aðstaða og þjónusta, sem gjöldin eru greidd fyrir, skulu látnar í té með skilvirkum og hagkvæmum hætti.
3. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja til þess að fram fari samráð milli lögbærra yfirvalda eða stofnana á sviði gjaldtöku á yfirráðasvæði hans og þeirra flugrekenda sem nota þjónustu og aðstöðu og hvetja fyrrnefnd yfirvöld eða stofnanir og flugrekendur til að skiptast á upplýsingum sem kunna að vera nauðsynlegar til að unnt sé að skoða nákvæmlega réttmæti gjaldanna í samræmi við meginreglurnar í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja lögbær yfirvöld á sviði gjaldtöku til að láta notendum í té allar tillögur um breytingar á notendagjöldum með hæfilegum fyrirvara til að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður.
4. Hvorugur samningsaðila skal teljast hafa brotið gegn ákvæði þessarar greinar, í tengslum við málsmeðferð vegna lausnar deilumáls skv. 16. gr. (Samráð og lausn deilumála) þessa samnings nema:
 - a) hann hafi látið hjá líða að endurskoða, innan hæfilegs tíma, gjöld eða framkvæmd sem hinn samningsaðilinn hefur gert að umkvörtunarefni eða
 - b) hann hafi látið hjá líða, í kjölfar slíkrar endurskoðunar, að gera allar ráðstafanir, sem í hans valdi eru, til að leiðrétta notendagjald eða ráða bót á framkvæmd sem samrýmist ekki þessari grein.

12. gr.

Leiðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Hagnað af rekstri loftfara tilnefnds flugrekanda, sem eru í flutningum á alþjóðaleiðum, skal einungis skattleggja á yfirráðasvæði þess samningsaðila þar sem virk framkvæmdastjórn viðkomandi flugrekanda hefur aðsetur sitt.
2. Fjármagn sem loftför, sem tilnefndur flugrekandi starfrækir í flutningum á alþjóðaleiðum, mynda og fjármagn sem lausafé, sem tilheyrir starfrækslu slíkra loftfara, skal einungis skattleggja á yfirráðasvæði þess samningsaðila þar sem virk framkvæmdastjórn viðkomandi flugrekanda hefur aðsetur sitt.
3. Þegar fyrir hendi er sérstakur samningur milli samningsaðila um að komast hjá tvísköttun viðvíkjandi tekju- og fjármagnssköttum skulu ákvæði slíks samnings ganga framár.

13. gr.

Sanngjörn samkeppni.

1. Hvor samningsaðili um sig skal gefa tilnefndum flugrekendum beggja samningsaðila sanngjörn og jöfn tækifæri til að keppa um að bjóða fram þá alþjóðlegu flugþjónustu sem þessi samningur gildir um.
2. Hvor samningsaðili um sig skal leyfa hverjum tilnefndum flugrekanda að ákvarða þá ferðatíðni og flutningsgetu í alþjóðlegri flugþjónustu sem hann býður fram á grundvelli viðskiptaaðstæðna á markaðnum. Hvorugur samningsaðilanna skal, að teknu tilliti til þessa réttar, takmarka einhliða flutninga, ferðatíðni eða hve reglubundin þjónustan er eða hvaða gerð eða gerðir loftfara tilnefndir flugrekendur hins samningsaðilans starfrækja nema að því marki sem kann að verða krafist af ástæðum er varða tollafgreiðslu, tæknileg atriði, rekstur eða umhverfisvernd samkvæmt samhljóða skilyrðum sem eru í samræmi við 15. gr. Chicago-samningsins.
3. Hvorugur samningsaðilanna skal gera kröfur á hendur tilnefndum flugrekendum hins samningsaðilans um fyrsta höfnunarrétt, lyftihlutfall, þægðarfé eða aðrar kröfur sem varða flutningsgetu, ferðatíðni eða flutning og myndu brjóta í bága við markmið þessa samnings.
4. Hvorugur samningsaðilanna getur gert kröfu um að flugrekendur hins samningsaðilans leggi inn flugáætlanir, áætlanir um leiguflug eða rekstraráætlanir til samþykkis, nema slíks sé krafist án mismununar til þess að uppfylla þau samhljóða skilyrði sem eru fyrirséð skv. 2. mgr. þessarar

greinar eða eins og kann að verða heimilað sérstaklega í viðaukunum við þennan samning. Geri samningsaðili kröfu um innlagningu í upplýsingaskyni skal hann halda í lágmarki stjórnsýslu-byrði vegna innlagningarkrafna og -verklags á milliliði í flugþjónustu og á tilnefnda flugrekendur hins samningsaðilans.

14. gr.

Verð.

1. Hvor samningsaðili um sig skal heimila sérhverjum tilnefndum flugrekanda að ákvarða verð fyrir flugþjónustu á grundvelli viðskiptaaðstæðna sem ríkja á markaðnum. Afskipti samningsaðilanna skulu takmarkast við það:
 - a) að koma í veg fyrir verð eða verklag sem hefur ósanngjarna mismunun í för með sér,
 - b) að vernda neytendur gegn verði sem er óeðlilega hátt eða hamlandi vegna misnotkunar markaðsráðandi stöðu og
 - c) að vernda flugrekendur gegn óeðlilega lágu verði sem rekja má til beinna eða óbeinna ríkis-styrkja eða -aðstoðar.
2. Hvor samningsaðili um sig getur krafist þess að verð, sem krafist er fyrir flugþjónustu til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, sé tilkynnt flugmálayfirvöldum hans eða lagt inn hjá þeim. Óheimilt er að krefja flugrekendur beggja samningsaðila um tilkynningu eða innlagningu með skemmri en þrjátíu (30) daga fyrirvara fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Í einstökum tilvikum er tilkynning eða innlagning heimil með skemmri fyrirvara en krafist er venjulega. Hvorugur samningsaðilanna skal gera kröfu um að flugrekendur hins samningsaðilans tilkynni um eða leggja inn hjá flugmálayfirvöldum hans verð sem innheimt eru af almenningi fyrir leiguflug til eða frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans, nema eins og kann að verða krafist án mismununar í upplýsingaskyni.
3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal það verð, sem tilnefndur flugrekandi Sankti Martin hyggst setja upp fyrir flutninga einvörðungu innan Evrópska efnahagssvæðisins, vera með fyrirvara um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

15. gr.

Samþætt flutningsþjónusta.

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa samnings er flugrekendum og óbeinum farmflytjendum beggja samningsaðila heimilt, án takmarkana, að nota, í tengslum við alþjóðlega flugþjónustu, hvers konar farmflutninga á jörðu niðri til eða frá hvaða stöðum sem er á yfirráðasvæðum samningsaðilanna eða í þriðju löndum, þ.m.t. flutninga til og frá öllum flugvöllum þar sem aðstaða er til tollafgreiðslu, og hafa þeir þar sem við á rétt til að flytja farm undir tollinnsigli samkvæmt gildandi lögum og reglum. Aðstaða á flugvöllum til tollskoðunar og -afgreiðslu skal vera aðgengileg fyrir slíkan farm, hvort sem hann er fluttur á jörðu niðri eða í lofti. Flugrekendur geta kosið að sjá sjálfir um flutninga sína á jörðu niðri eða að sjá fyrir slíkum flutningum með því að gera samkomulag um þá við önnur flutningafyrirtæki sem annast flutninga á jörðu niðri, m.a. flutninga á jörðu niðri sem aðrir flugrekendur annast og óbeinir farmflytjendur. Slíkan samþættan flutningsmáta farms má bjóða á einu heildarverði alla leið fyrir samtengda flutninga í lofti og á jörðu niðri, að því tilskildu að ekki sé villt um fyrir sendendum með tilliti til staðreynda varðandi slíka flutninga.

16. gr.

Samráð og lausn deilumála.

1. Samningsaðili getur, hvenær sem er og í anda náinnar samvinnu, farið fram á samráð um þennan samning, framkvæmd hans og það hvort farið sé að ákvæðum hans svo viðunandi sé. Komi upp deilur milli samningsaðilanna um túlkun eða beitingu þessa samnings skulu þeir fyrst leitast við að leysa þær með samráði og viðræðum.
2. Heimilt er að senda hverja þá deilu, sem ekki er unnt að leysa með samráði og viðræðum, til sáttasemjara eða sáttanefndar deilumála að beiðni annars hvors samningsaðilans að þessum samningi. Heimilt er að fá slíkan sáttasemjara eða sáttanefnd til að miðla málum, ákvarða deiluefnið eða að leggja til úrræði vegna deilunnar eða lausn hennar.

3. Samningsaðilarnir skulu sammælast fyrir fram um erindisbréf sáttasemjarans eða sáttanefndarinnar, leiðbeinandi meginreglur eða viðmiðanir og um skilyrði fyrir aðgangi að sáttasemjaranum eða sáttanefndinni. Þeir skulu og íhuga, ef nauðsyn krefur, að gera ráð fyrir bráðabirgðaúrlausn og hugsanlegri þátttöku hvaða þriðja aðila sem er, sem deilan kann að snerta með beinum hætti, að teknu tilliti til þess markmiðs og þeirrar nauðsynjar að viðhafa einfalda, skilvirka og hraða málsmeðferð.
4. Heimilt er að tilnefna sáttasemjara eða sáttanefndarmenn af nafnalista sem Alþjóðaflugmálastofnunin heldur yfir sérfræðinga á sviði flugmála með tilskilda menntun og hæfi. Ganga skal frá vali sérfræðings eða sérfræðinga innan fimmtán (15) daga frá móttöku beiðni um að deilu verði vísað til sáttasemjara eða sáttanefndar. Geti samningsaðilarnir ekki sammælst um val sérfræðings eða sérfræðinga er heimilt að fara þess á leit við forseta ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að hann annist valið. Sérhver sérfræðingur, sem kallaður er til í þessu skyni, ætti að hafa fullnægjandi menntun og hæfi á því almenna málefnasviði sem deilan snýst um.
5. Ljúka ætti sáttaumleitunum innan sextíu (60) daga frá því að sáttasemjarinn eða sáttanefndin tekur til starfa og leggja ætti ákvörðun, þ.m.t. tilmæli ef við á, fram innan sextíu (60) daga frá því að sáttasemjarinn eða sáttanefndin tekur til starfa. Samningsaðilarnir geta sammælst um það fyrir fram að sáttasemjarinn eða sáttanefndin geti veitt umkvörtunaraðilanum bráðabirgðaúrlausn, sé þess óskað, og skal ákvörðun í slíku tilviki liggja fyrir í upphafi.
6. Samningsaðilarnir skulu vinna saman í góðri trú að því að stuðla að framgangi sáttaumleitana og vera bundin af ákvörðun eða úrskurði sérfræðings eða sérfræðinga nema þeir komi sér saman um annað. Sammælist samningsaðilarnir um það fyrir fram að óska einvörðungu eftir því að ákvörðun verði tekin um staðreyndir málsins skulu þeir nota þær til lausnar deilunni.
7. Áætla ber kostnað vegna fyrrnefndrar málsmeðferðar í upphafi og skipta honum jafnt niður, með þeim fyrirvara þó að unnt sé að taka skiptingu hans til endurskoðunar þegar endanlegur úrskurður er kveðinn upp.
8. Málsmeðferðin er með fyrirvara um að samráðsferlið haldi áfram, að deilan verði lögð í gerð síðar meir eða að samningnum verði sagt upp skv. 18. gr. (Uppsögn) þessa samnings.

17. gr.

Breytingar.

1. Telji samningsaðili æskilegt að breyta einhverju ákvæði þessa samnings, m.a. viðaukunum við hann, getur hann farið fram á samráð flugmálayfirvalda beggja samningsaðila um þá breytingu sem tillaga er gerð um. Slíkt samráð skal hefjast innan sextíu (60) daga frá móttökudegi beiðninnar.
2. Samningsaðilarnir skulu samþykkja sérhverja breytingu á þessum samningi og skal hún koma til framkvæmda með diplómátskum orðsendingaskiptum. Slík breyting öðlast gildi í samræmi við ákvæði 21. gr. (Gildistaka) þessa samnings.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu flugmálayfirvöld beggja samningsaðila samþykkja sérhverja breytingu á I. viðauka við þennan samning og skal hún staðfest með diplómátskum orðsendingaskiptum og öðlast gildi á degi sem ákvarðaður er í diplómátsku orðsendingunum. Þessi undantekning frá 2. mgr. þessarar greinar á ekki við þegar flugréttindum er bætt við framangreindan viðauka.

18. gr.

Uppsögn.

Samningsaðili getur, hvenær sem er, tilkynnt hinum samningsaðilanum skriflega eftir diplómátskum leiðum um þá ákvörðun sína að segja þessum samningi upp. Samtímis skal senda Alþjóðaflugmálastofnuninni slíka tilkynningu. Samningur þessi fellur úr gildi á viðtökustað tilkynningarinnar á miðnætti aðfaranótt þess dags þegar eitt (1) ár er liðið frá þeim degi þegar hinn samningsaðilinn veitti tilkynningunni viðtöku nema tilkynningin um uppsögn sé dregin til baka með gagnkvæmu samkomulagi áður en sá tími er liðinn. Staðfesti hinn samningsaðilinn ekki móttöku skal litið svo á að tilkynningunni hafi verið veitt viðtaka fjórtán (14) dögum eftir þann dag þegar henni er veitt viðtaka hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

19. gr.
Gildissvið.

Að því er Konungsríki Niðurlanda varðar gildir þessi samningur aðeins á yfirráðasvæði Sankti Martin.

20. gr.
Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Samningur þessi og allar breytingar á honum skulu skráð hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni strax eftir undirritun.

21. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi og viðaukar við hann öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir dagsetningu síðari orðsendingarinnar í diplómatisískum orðsendingaskiptum milli samningsaðilanna eftir diplómatisískum leiðum sem staðfestir að hvor samningsaðili um sig hafi lokið þeirri innlendu málsmeðferð sem er nauðsynleg til þess að samningur þessi og viðaukar við hann öðlist gildi.
2. Við gildistöku skal þessi samningur, að því er varðar Sankti Martin og Ísland, ganga frammar samningi milli ríkisstjórnar Konungsríkis Niðurlanda og ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands um flugþjónustu, sem var undirritaður í Haag 22. mars 1950.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 30. mars 2022 í tvíriti á ensku.

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Konungsríkis Niðurlanda,
að því er varðar Sankti Martin

I. VIÐAUKI
Alþjóðleg flugþjónusta.

1. þáttur
Leiðir.

Flugrekendur hvors samningsaðila um sig, sem tilnefndir eru samkvæmt þessum viðauka, skulu, í samræmi við tilnefningarskilmálana, eiga rétt á að stunda alþjóðlega flugþjónustu milli staða á eftirfarandi leiðum:

Tilnefndur flugrekandi eða flugrekendur Sankti Martin skulu eiga rétt á að stunda reglubundna, alþjóðlega flugþjónustu í báðar áttir á þeim leiðum sem eru tilgreindar hér á eftir:

Staðir á Sankti Martin	Viðkomustaðir	Staðir á Íslandi	Staðir sem flogið er til á útleið
hvaða staður sem er	hvaða staður sem er	hvaða staður sem er	hvaða staður sem er

Tilnefndir flugrekendur skulu eiga rétt á að nýta sér full sjöundu flugréttindi milli Sankti Martin og annars staðar eða annarra staða í öllu flugi með farm eingöngu.

Tilnefndur flugrekandi eða flugrekendur Íslands skulu eiga rétt á að stunda reglubundna, alþjóðlega flugþjónustu í báðar áttir á þeim leiðum sem eru tilgreindar hér á eftir:

Staðir á Íslandi	Viðkomustaðir	Staðir á Sankti Martin	Staðir sem flogið er til á útleið
hvaða staður sem er	hvaða staður sem er	hvaða staður sem er	hvaða staður sem er

Tilnefndir flugrekendur skulu eiga rétt á að nýta sér full sjöundu flugréttindi milli Íslands og annars staðar eða annarra staða í öllu flugi með farm eingöngu.

Þessi samningur útilokar að tilnefndir flugrekendur frá Íslandi geti nýtt sér réttindi til flutninga-flugs milli Sankti Martin og Hollands (þ.m.t. sá hluti Hollands sem liggur í Karíbahafi), Sankti Martin og Curaçao og Sankti Martin og Arúba.

2. þáttur
Sveigjanleiki í rekstri.

Sérhver tilnefndur flugrekandi getur, að eigin vali, gert eftirfarandi í hvaða flugi sem vera skal eða öllu flugi:

- 1) stundað flug í aðra hvora áttina eða báðar áttir,
- 2) sameinað mismunandi flugnúmer í einni ferð loftfars,
- 3) þjónað stöðum sem flogið er til á innleið, viðkomustöðum og stöðum sem flogið er til á útleið og stöðum á yfirráðasvæðum samningsaðilanna á leiðunum með hvaða samsetningu og í hvaða röð sem er,
- 4) sleppt viðkomu á hvaða stað eða stöðum sem er,
- 5) fært farþega/farm frá einu loftfari sínu til annars á hvaða stað sem er á leiðunum,
- 6) þjónað stöðum á innleið til hvaða staðar sem er á yfirráðasvæði hans, hvort sem skipt er um loftfar eða flugnúmer eða ekki, og honum er heimilt að stunda og kynna slíka þjónustu fyrir almenningi sem flutning á leiðarenda,
- 7) millilent á hvaða stað sem er, innan eða utan yfirráðasvæðis annars hvors samningsaðilanna,
- 8) að stunda flutninga í gegnumferð um yfirráðasvæði hins samningsaðilans og/eða
- 9) sameinað í sama loftfari flutning, án tillits til þess hvaðan hann kemur upphaflega, án takmarkana á því í hvora áttina er flogið eða hvert og án þess að missa réttindi til flutninga, sem eru leyfðir með öðrum hætti samkvæmt þessum samningi, að því tilskildu, að undanskildu flugi með

farm eingöngu, að þjónustan sé í þágu staðar á yfirráðasvæði samningsaðilans sem tilnefnir flugrekandann.

3. þáttur

Skipt um loftfar.

Hver tilnefndur flugrekandi getur, á leiðum sem eru tilgreindar í 1. þætti þessa viðauka, stundað alþjóðlega flugþjónustu án þess að settar séu skorður við því að skipta, á hvaða stað sem er á leiðinni, um gerð eða breyta fjölda loftfara sem eru starfrækt, að því tilskildu, nema þegar um ræðir flug með farm eingöngu, að flutningur á útleið frá slíkum stað sé framhald flutnings frá yfirráðasvæði þess samningsaðila sem hefur tilnefnt flugrekandann og að á innleið sé flutningur til yfirráðasvæðis þess samningsaðila, sem hefur tilnefnt flugrekandann, framhald flutnings á útleið frá slíkum stað.

II. VIÐAUKI Leiguflutningar.

1. þáttur

Flugrekendur hvors samningsaðila um sig, sem eru tilnefndir samkvæmt þessum viðauka, skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að flytja farþega landa á milli með leiguflutningum í lofti (og meðfylgjandi farangur þeirra) og/eða farm (getur þá verið um að ræða, en þó ekki eingöngu, farmmiðlun, uppskiptingu og samsetningu (farþegar/farmur) í leiguflutningum):

- milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem hefur tilnefnt flugrekandann og hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og
- milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og hvaða staðar eða staða sem er í þriðja landi eða þriðju löndum, að því tilskildu, nema að því er varðar farm í leiguflutningi, að slík þjónusta sé liður í áframhaldandi flugi, hvort sem skipt er um loftfar eða ekki, sem felur í sér þjónustu við heimalandið, þ.e. flutning að heiman milli heimalandsins og yfirráðasvæðis hins samningsaðilans.

Þegar þjónusta, sem fellur undir þennan viðauka, er stunduð skulu flugrekendur hvors samningsaðila um sig, sem eru tilnefndir samkvæmt þessum viðauka, einnig eiga rétt á:

- (1) að millilenda á hvaða stöðum sem er innan eða utan yfirráðasvæðis hvors samningsaðila sem er,
- (2) að stunda flutninga í gegnumferð um yfirráðasvæði hins samningsaðilans og
- (3) að sameina í sama loftfari flutninga sem koma upphaflega frá yfirráðasvæði annars samningsaðilans, flutninga frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans og flutninga sem koma upphaflega frá þriðju löndum.

Hvor samningsaðili um sig skal, á grundvelli háttvísi og gagnkvæmni, leitast við að fjalla með jákvæðum hætti um umsóknir flugrekenda hins samningsaðilans um að stunda flutninga sem falla ekki undir þennan viðauka.

2. þáttur

Flugrekendur, sem annar hvor samningsaðilanna hefur tilnefnt og stunda leiguflutninga landa á milli sem hefjast á yfirráðasvæði annars hvors samningsaðilans, hvort sem um ræðir flutninga aðra leið eða báðar, skulu eiga þess kost að velja hvort þeir fari að lögum, reglugerðum og reglum heimalandsins eða hins samningsaðilans um leiguflug. Ef samningsaðili beitir mismunandi reglum, reglugerðum, skilmálum, skilyrðum eða takmörkunum gagnvart einum flugrekanda sínum eða fleiri eða flugrekendum annarra landa skal sérhver tilnefndur flugrekandi hlíta þeim viðmiðunum sem hafa minnstu takmarkanirnar í för með sér.

Ekkert í málsgreininni hér að framan takmarkar þó rétt hvors samningsaðila sem er til að krefjast þess að flugrekendur, sem annar hvor þeirra hefur tilnefnt samkvæmt þessum viðauka, uppfylli kröfur um vernd fjármagns farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt þeirra.

3. þáttur

Hvorugur samningsaðila skal, nema að því er varðar reglurnar um neytendavernd sem um getur í málsgreininni hér að framan, gera kröfu um að flugrekandi, sem hinn samningsaðilinn hefur tilnefnt samkvæmt þessum viðauka, leggi fram, vegna flutninga frá yfirráðasvæði hins samningsaðilans eða þriðja lands aðra leið eða báðar, annað en yfirlýsingu um að gildandi lögum, reglugerðum og reglum, sem um getur í 2. þætti þessa viðauka, sé fylgt eða yfirlýsingu um undanþágu frá þessum lögum, reglugerðum eða reglum sem viðeigandi flugmálayfirvöld hafa veitt.

AIR SERVICES AGREEMENT
BETWEEN
ICELAND
AND
THE KINGDOM OF THE NETHERLANDS,
IN RESPECT OF SINT MAARTEN

Iceland

and

the Kingdom of the Netherlands, in respect of Sint Maarten (hereinafter referred to as “the Parties”);

Being parties to the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on 7 December 1944;

Desiring to promote their mutual relations in the field of civil aviation and to conclude an Agreement for the purpose of establishing international air services between and beyond their respective territories;

Desiring to promote an international aviation system based on competition among airlines in the marketplace with minimum government interference and regulation;

Desiring to facilitate the expansion of international air service opportunities;

Desiring to ensure the highest degree of safety and security in international air services and reaffirming their grave concern about acts or threats against the security of aircraft, which jeopardize the safety of persons or property, adversely affect the operation of air services and undermine public confidence in the safety of civil aviation;

Have agreed as follows:

Article 1

Definitions

For the purposes of this Agreement, unless the context otherwise requires:

